



1. útgáfa 07.02.2016

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

- 1.1 Vörukenni:** **Bón, Carnuba Car Wax, 500ml**
Vörunúmer **525 FG7618**
- 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:**
Viðeigandi notkun Bílabón.
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.
- 1.3 Söluaðili:** **Bilanaust ehf.** **Framleiðandi:** Turtle Wax Europe Ltd.
Dvergshöfða 2 Atlantic Park, Dunnings Br. Road
110 Reykjavík Liverpool L30 4AB, Bretland
Sími: 535 9000 00-44-151-530-4740
Netfang: bilanaust@bilanaust.is msds@turtlewaxeuropa.com
Veffang: www.bilanaust.is www.turtlewaxeuropa.com
- 1.4 Neyðarsímanúmer:** Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

- 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:**
Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):
Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.
- 2.2 Merkingaratriði:**
Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):
Hættumerki: Engin.
Viðvörðunarorð: Ekkert.
Hættusetningar Engar.
Varnaðarsetningar P102 Geymist þar sem börn ná ekki til
- 2.3 Aðrar hættur:** Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
Sjá einnig 11. og 15. lið. (**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).
Samkvæmt bestu vitneskju framleiðanda, eru engar hættur samfara ætlaðri notkun vörunnar.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

- 3.1 Efni:** Á ekki við
- 3.2 Blöndur:**

Efnisheiti	Númer	Innihald %	Flokkun (CLP)
Vetniskolefni, C9-C11, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, <2% arómatar	REACH 01-2119463258-33 Index EB 919-857-5 CAS 64742-48-9	10 - 30	H304, H336
Eimi (úr jarðolíu) vetnismeðhöndluð, létt	REACH 01-2119484819-18 Index 649-422-00-2 EB 265-149-8 CAS 64742-47-8	1 - 10	H304

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
Snerting við húð	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum (15 mín). Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun.
Inntaka	Hreinsið munn. Ekki er talin teljandi hætta á ferðum.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Innöndun	Engin skaðleg áhrif þekkt.
Snerting við augu	Getur valdið vægri ertingu.
Snerting við húð	Getur valdið vægri ertingu.
Inntaka	Getur valdið vægri ertingu.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, froða, slökkviduft, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Öhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er ekki eld- eða sprengifim. Myndar kolefnisoxíð, og eitradar og daunillar gufur við bruna.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi/mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Notið viðeigandi persónuhlífar.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Stöðvið leka, sé það unnt án áhættu.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Tryggið góða loftræstingu. Notið ísogsefni, t.d. sand, jarðveg eða kísilgúr. Setjið í þar til gerð vandlega lokuð og merkt ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Vara til bílaumhirðu.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Forðist snertingu við húð og augu.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166)

Húð - hendur

Notið efnahelda hanska, t.d. úr nítrílgúmmíi.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri

Að jafnaði er ekki þörf á öndunarhlífum.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Rjómahvítur
Blossamark:	64°C
Eðlismassi (20°C):	0,99-1,01 g/cm ³
Sprengifimi:	Nei
Seigja:	30-100 mm ² /s

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar aðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar aðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Engin þekkt.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Oxarar, sýrur.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Myndar kolefnisoxíð, og eittraðar og daunillar gufur við bruna.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Innöndun	Engin skaðleg áhrif þekkt.
Snerting við augu	Getur valdið vægri ertingu.
Snerting við húð	Getur valdið vægri ertingu.
Inntaka	Getur valdið vægri ertingu.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Varan er ekki talin skaðleg lífi í vatni, né hafa langvinn áhrif

Vetniskolefni, C9-C11, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, <2% arómatar					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	>1000 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC ₅₀	>1000 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	IC ₅₀	>1000 mg/l	72 klst	Þörungar	

12.2 Þrávirkni og niðurbrot: Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.3 Uppsöfnun í lífverum: Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.5 PBT/vPvB: Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinna.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IMDG: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IATA: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 og 13/01/2010. Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Þetta öryggisblað er unnið í samræmi við reglugerðir EB 1907/2006 og 1272/2008.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg

H336 Getur valdið sljóleika eða svima

Útgáfa/Dags: 1.07.02.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

TURTLE WAX EUROPE LIMITED

Safety data sheet

GREEN LINE - CARNAUBA CAR WAX

Útgáfa:

12.08.2015/ Útgáfa 1.1